

Fundur í foreldraráði/foreldrafélagi 17. nóvember 2021 kl 15:30

Mætt eru Andrea, Stefnir, Guðmundur og Ragna

1.mál. Kosið í hlutverk. Andrea tekur að sér gjaldkerastöðu, Guðmundur tekur að sér setu á fræðslufundum Odda bs., Ragna tekur að sér ritara og formannstarf. Stefnir er kosinn varformaður.

2. mál. Félagið sér um að kaupa leiksýninguna Jól í tösku eins og undafarin ár.

3.mál -Engin aðventuhátíð verður í ár og því ekki kökubasar. Á aðalfundi kom fram lítill áhugi á jólaföndri. Foreldrafélagið ræddi nýjar hugmyndir.

4.mál. - Jólagjafir. Foreldrafélagið styrkir jólasveina árlega með jólagjöfum fyrir leikskólabörnin og ákveðið var að finna hugmyndir að gjöfum sem fyrst, pakka inn og koma í réttar hendur.

5.mál - Sigrún, Hafdís og Kristín komu inn á fundinn kl 16:00.

a) Sigrún leikskólastjóri fór yfir ytra mat og umbótaáætlun skólans eins og gert var á fundi foreldrafélagsins í vor. Hún hvatti foreldraráðið til þess að kynna sér vel umbótaáætlunina og ytra matið.

b) Sigrún talaði um skólanámskrá. Vegna skorts á fjármagni er ekki rými til þess að fara af stað í þessa vinnu á þessari önn. Sigrún ætlar að geyma framhald á þeirri vinnu fram yfir áramót. Þessi fundur nú sé til þess fallinn að skipuleggja þá vinnu með foreldrum. Hún kynnti foreldrakönnun sem lögð var fyrir foreldra um áherslur í skólanámsskránni. Þar kom margt gagnlegt fram sem hægt er að vinna með og hjálpar leikskólanum að setja stefnu. Sigrún spyr hvernig við aðkomu foreldráðið vilji hafa að skólanámsskrágerð. Lagt var til að foreldraráðinu yrðu kynnt drög þegar þau lægju fyrir.

c) Sigrún talaði um vinnu leikskólans við ferilmöppur nemenda. Sigrún spyr hvað foreldrar vilji sjá í ferilmöppum. Umræður sköpuðust og góðar hugmyndir komu fram sem stuðst verður við.

d) Þá ræddi Sigrún matsáætlun. Hún kynnti drög sem gerð hafa verið og óskaði eftir aðkomu foreldraráðs. Ákveðið var að formaður foreldraráðs væri fulltrúi í matsteymi sem stofnað verður.

e) Spurt um áhuga foreldra á leikskólastarfinu. Leikskólinn upplifir stundum áhugaleysi á starfssemi leikskólans og umræður sköpuðust um hvernig er hægt að fá foreldra til þess að sýna meiri áhuga á fréttum og starfi. Fram kom frá foreldraráði að oft megi túlka þögnina að það sé almenn ánægja með starfið. Foreldraráð mun gera sitt besta til að hvetja foreldra til að sýna meiri áhuga og stuðla að hittingum foreldra utan leikskólatíma.

f) Sigrún óskaði eftir umsögnum um heimasíðuna frá foreldrafélaginu. Foreldrafélagið mun kynna sér hana og koma umsögnum til skólastjóra.

Önnur mál:

Rætt um starfsmannamál en leikskólann vantar starfsmenn um áramót.

- Fundi slitið kl 17:00

Fundargerð ritar, Ragna Magnúsdóttir